

Ár 1982, þriðjudaginn 19. janúar, var í málinu nr. 28/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatstnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :


Málavextir eru þeir, að veiðihlunnindi í Haffjarðará eru skráð og metin sérstaklega í fasteignamati. Þau eru í eigu Thors R. Thors, Hamarsgötu 8 á Seltjarnarnesi, Richards Thors, sem býr í Bandaríkjunum, Þórðar Thors, Langholtsvegi 118 A í Reykjavík, Unnar Thors, Bergstaðastræti 84 í Reykjavík, og Jónu Írisar Thors, sem búsett er í Sviþjóð. Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur liggja hvor sínu megin að Haffjarðará og teljast umrædd hlunnindi vera að hálfu leyti í hvorum nefndra hreppa.

Með heimild í 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga var árið 1980 lagður 4% fasteignaskattur á fasteignamat ofangreindra hlunninda í Eyjahreppi og eigendur þeirra krafðir um greiðslu hans af hálfu sveitarsjóðs Eyjahrepps, samtals gkr. 1.569.800,-. Eigendur mótmæltu skattlagningu þessari. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eru mótmæli þeirra í meginatriðum studd þeim rökum, að í skattlagningunni felist mismunur skattborgaranna, sem óheimil sé samkvæmt almennum jafnræðisreglum og alveg sérstaklega 67. gr. stjórnarskrárinnar, að skatturinn sé hærri en svo, að lögmæt og eðlileg skattlagningar-sjónarmið geti legið þar til grundvallar og að veiðiréttindi í Haffjarðará geti ekki talist til hlunninda í skilningi laga nr. 73/1980, þar sem öll núverandi veiði verði rakin til ræktunar og friðunar á ánni um langt árabíl.

Telja verður tvímælalaust, að umrædd veiðihlunnindi séu hlunnindi í eigu utansveitarmanna í skilningi lokamálsgreinar 3. gr. laga nr. 73/1980 og áður laga nr. 8/1972. Skattlagning af hálfu Eyjahrepps er innan þeirra marka, sem þar eru sett. Lagareglu þessari hefur ekki verið hnekkð af dómstólum og ber því að leggja hana til grundvallar í máli þessu. Samkvæmt því er niðurstaða málsins sú, að Eyjahreppi hafi verið heimilt að leggja 4% fasteignaskatt á þessi hlunnindi.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Eigendum ofangreindra hlunninda af Haffjarðará er skylt að svara umræddum 4% fasteignaskatti ársins 1980 til sveitarsjóðs Eyjahrepps.


Gaukur Jörundsson.

